

Grunnskóli Vesturbyggðar



Umgenngisreglur og skýr mörk



Innihald þessa bæklingis:

Hvað er æskileg hegðun _____	bls. 4
Hvað er óásættanleg hegðun _____	5
Við setjum skýr mörk _____	6
Leið 1 - Árangursrík leið til lausnar - uppbygging _____	7
Leið 2 - Nemandi þiggur ekki tilboð um að gera uppbyggingaráætlun _____	9
Reglur um skólasókn _____	10
Almennar umgengnisreglur _____	11
Þarfahringurinn _____	13
Meðferð eineltismála _____	14

Reglur þessar eru hluti af stefnu Grunnskóla Vesturbyggðar í samskiptum. Þær gilda í skóla, á skólalóð, í ferðalögum og á viðburðum sem skólinn stendur fyrir.



Október 2013

Útgefandi: Grunnskóli Vesturbyggðar

Grunnskóli Vesturbyggðar hefur eftirfarandi markmið að leiðarljósi:

- Að veita nemendum góða almenna menntun.
- Að búa nemendur undir virka þátttöku í þjóðfélaginu.
- Að hafa jafnrétti og lýðræði að leiðarljósi.
- Að efla samskipti heimilis og skóla.
- Að styrkja sjálfsmynd og sjálfsöryggi nemenda.
- Að hvetja nemendur til hollra lífshátta.
- Að efla jákvætt hugarfar gagnvart námi og skólagöngu.
- Að þroska og þjálfu hug og hönd nemenda.
- Að efla siðgæðisþroska nemenda, umburðarlyndi og virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfi sínu.





Meðferð eineltismála

Kennarar og aðrir starfsmenn skólans

Ef nemendur, foreldrar eða starfsmenn skólans fá vitneskju um að einelti eigi sér stað er mikilvægt að láta umsjónarkennara og/eða skólustjórnendur vita. Helstu þættir sem þurfa að vera til staðar til að koma í veg fyrir einelti eru: Samræmd viðhorf innan skólans, bekkjarvinna, mótun viðhorfs nemenda gegn ofbeldi, samstarf við foreldra og einstaklingsvinna með einstaka nemendur. Góð samvinna og trúnaður milli umsjónarkennara og foreldra eru einn styrkasti þátturinn í úrvinnslu eineltismála. Eineltisteymi skipað kennurum frá öllum skóladeildum vinnur með erfið eineltismál.

Nauðsynlegt er að gera greinarmun á stríðni og einelti.

- Stríðni getur þó próast út í einelti.
- Einelti þarf að vera viðvarandi til að falla undir skilgreininguna.
- Einelti á sér stað oft en við gerum okkur grein fyrir.
- Einelti er mjög oft skipulagt.
- Stelpur og fullorðnir nota oft orð.
- Einelti getur verið líkamlegt.
- Einelti getur verið andlegt, t.d. að útiloka einhvern úr hópnum.

Mjög mikilvægt er að gæta trúnaðar í meðferð eineltismála.

Viðbrögð í skólanum eru í stöðugri endurskoðun og umræðu þar sem áhersla er lögð á jákvætt viðmót gagnvart börnum og unglingum.

Dæmi um úrræði

- Reglulegar kannanir um líðan nemenda í skólanum.
- Bekkjarvinna – vinna með samskipti. Kennari leggur fyrir tengslakönnun í bekknum.
- Styrkja þolanda. Viðtöl við umsjónarkennara, námsráðgjafa og/eða hjúkrunarfræðing.
- Gera hegðunarsamning við geranda/gerendur.
- Vísað til eineltisteymis.
- Leitað til námsráðgjafa, sálfræðings, hjúkrunarfræðings, sem tekur viðtöl við þolanda og geranda/gerendur og foreldra.
- Reglulegir fundir með kennara /kennurum og foreldrum.

Samskipta- og umgengnireglur þessar eru grundvallaðar á leiðarljósi Grunnskóla Vesturbyggðar en einnig hugmyndafræði uppbyggingarstefnunnar sem kennd er við Diane Gossen. Þessu til viðbótar er stuðst við áætlun um forvarnir gegn einelti sem nefnd er „Olweusaráætlun gegn einelti“ sem styður mjög vel við uppbyggingarstefnuna. Jafnréttisáætlun skólans er einnig lögð til grundvallar í skólastarfinu. Uppbyggingarstefnan byggir á kenningum um hæfni einstaklings til sjálfstjórnar, hæfni hans til að tengja saman persónuleg lífsgildi og þann veruleika sem hann býr við. Hún kennir sjálfstjórn, sjálfsaga og eflir hæfni hans til að taka ábyrgð á eigin orðum og gjörðum. Lögð er áhersla á að byggja einstaklinginn upp, að hann þekki þarfir sínar og uppfylli þær án þess að meiða aðra.

Í Grunnskóla Vesturbyggðar er stuðlað að jákvæðum skólabrag þar sem starfsmenn vinna með sameiginlega sýn að leiðarljósi sem felst einkum í eftirfarandi gildum:

Metnaður: Við leggjum okkur fram um að ná sem bestum árangri í námi og starfi og gera okkar besta í öllu því sem við tökum okkur fyrir hendur í skólastarfinu.

Samskipti: Við viljum stuðla að vellíðan allra sem starfa í skólanum, jafnt nemenda sem starfsfólks. Við leggjum áherslu á uppbyggileg og góð samskipti allra, þar sem áhersla er lögð á virðingu fyrir öðrum og góða framkomu. Góð samskipti milli allra í skólasamfélaginu er lykilatriði.

Frumkvæði: Við viljum vera skapandi í skólastarfinu og ýta undir ábyrgð og sjálfstraust og þannig hlúa að sköpunargleði og fjölbreytni í námi og kennslu.

➔ Hvað er æskileg hegðun?

Ætlast er til að nemandi mæti stundvíslega og vel undirbúinn í skólann. Þar sem hann er, reiðubúinn til að takast á við krefjandi verkefni, þiggja leiðsögn og taka virkan þátt í viðfangsefnum skólafarsins.

Nemanda er einnig ætlað að ganga vel um skólann sinn og láta sér annt um að samskipti í skólanum séu vinsamleg og til þess fallin að auka samkennd og öryggi nemenda og annarra sem í skólanum starfa.


Nemandi sýnir sjálfum sér og öðrum virðingu með framkomu sinni, orðum og gjörðum. Til að ná þessum markmiðum þarf að skilgreina hvað telst æskileg hegðun og hvað ekki.

Dæmi um æskilega hegðun nemanda

Framangreind lýsing á æskilegri hegðun á að jafnaði við um hegðun langflestra nemenda Grunnskóla Vesturbyggðar. Stuðlað er að æskilegri hegðun með verkfærum eineltisáætlunarinnar, s.s. gerð bekkjasáttmála, bekkjafunda, T-spjalda og Y-spjalda, en einnig með því að nemendur læri að þekkja þarfir sínar og annarra.

Nemandi:


- Hefur stjórn á eigin hegðun, bæði orðum og gjörðum
- Sýnir sjálfum sér og öðrum virðingu, kurteisi og tillitsemi
- Gerir sér far um að leysa úr ágreiningi sem upp kann að koma af skynsemi og án ofbeldis
- Gerir sér far um að setja sig í spor annarra
- Fer vel með þau verðmæti sem honum er trúnað fyrir, gengur vel um skólann og umhverfi hans
- Virðir eigin annarra
- Fer að fyrirætlum kennara og annars starfsfólks
- Leggur sig ávallt fram við námið og sýnir metnað í að gera sitt besta
- Virðir verk sín og vandar frágang á verkefnum



➔ Þarfahringurinn

Samkvæmt Uppbyggingarstefnunni þurfum við reglulega að uppfylla meðfæddar grunnþarfir okkar fyrir að tilheyra, hafa áhrif, njóta frelsis og gleði til að geta verið lífsglöð, hamingjusöm og örugg. Orsök vanlíðunar og slæmrar hegðunar er oftast sú að einstaklingurinn nær ekki að uppfylla grunnþarfir sínar á jákvæðan hátt.

Hugmyndin með flokkun grunnþarfanna er sú að kennarar og nemendur eigi auðveldara með að greina og skilja ólíkar þarfir. Nemendur læra að þekkja tilfinningar sínar, ná meiri sjálfstjórn og kennarinn getur betur komið til móts við ólíkar þarfir nemenda sinna.



Nemendur læra hverjar grunnþarfirnar fimm eru

Nemendur þjálfast í að skoða hvernig þeir geta uppfyllt þarfir sínar á jákvæðan hátt án þess að það komi niður á þeim sem í kringum þá eru. Þeir þjálfast líka í að ræða um þarfir sínar og tilfinningar og að leysa ágreining á jákvæðan hátt.

Dæmi um birtingamyndir grunnþarfanna:

Rík þörf fyrir að tilheyra:

- Vill að öðrum líki við mig
- Er háður foreldrum sínum
- Vinnur fyrir kennarann
- Félagar skipta miklu máli
- Finnst gaman í hópavinnu

Rík þörf fyrir frelsi:

- Vill hafa valmöguleika
- Þarf að vera á ferðinni
- Hefur gaman af tilraunum
- Er sama hvað öðrum finnst
- Vill prófa nýja og spennandi hluti

Rík þörf fyrir áhrif:

- Vill hafa stjórnina
- Fylgist vel með áður en hann prófar nýtt
- Stressast ef honum mistekst
- Er mjög skipulagður
- Þarf helst að vera bestur

Rík þörf fyrir að gleði:

- Verður að njóta vinnunnar
- Einbeir sér ef honum finnst gaman
- Vill leika trúð, vera fyndinn
- Skemmtir sér jafnvel þótt hann sé skammaður

Rík þörf fyrir öryggi: Húsnæði, fæði, heilsa, klæði, hvíld og afkoma
Við reynum að mæta mismunandi þörfum nemenda. Við tökum mið af því að allir nemendur þurfa að finna öryggi.

Mataraðstaða - matsala

Nemendur skulu neyta matar í matsal skólans. Hver nemandi gengur frá þeim áhöldum sem hann notar í matartímum. Allir nemendur skulu hjálpast að við að hafa snyrtilegt í kringum sig og viðhafa góða borðsiði.

Yngri nemendur borða nesti sitt inni í kennslustofu. Unglingadeildin borðar nesti sitt í aðstöðu á ganginum. Allir borða hádegismatinn sinn í matsalnum.

Nemendur eiga að vera í skólanum á skólatíma

Ætlast er til þess að nemendur í 1.-7.bekk séu í skólabyggingunni eða á skólalóð á skólatíma. Undanskildar eru ferðir í íþróttahús, sundlaug og vettvangsferðir.

Nesti í Grunnskóla Vesturbyggðar

Skólanesti á að vera hollt og gott og í takt við tilmæli frá Manneldisstofnun. Í umhverfisstefnu GV er mælt til að foreldrar sendi börn sín í skólann með fjölnota umbúðir (forðast svalafernur og plastpoka). Nemendur eru beðnir að taka einnota umbúðir með sér heim aftur. Allt óæskilegt nesti verður gert upptækt!

Nestistímar eru að jafnaði kl.: 9:50—10:00 hjá nemendum í 1.-7. bekk en 9:30-9:50 hjá nemendum í 8.-10. bekk.

Rafeindatæki

Notkun rafeindatækja í kennslustundum er háð leyfi kennara. Rafeindatæki sem nemendur verða uppvísir af að nota án leyfis kennara verða sett í vörslu skólastjórnenda og verða nemendur/foreldrar að nálgast þá þar.

Sælgæti og gosdrykkir

Nemendum er ekki leyfilegt að neyta sælgætis eða gosdrykkja í skólanum nema með sérstöku leyfi kennara.

Reiðhjól og hjólatæki

Nemendum skólans er heimilt að koma á reiðhjólum í skólann og mikilvægt er að gengið sé frá þeim við skólann. Reiðhjól og önnur hjólaleiktæki eru al-farið á ábyrgð nemenda og forráðamanna þeirra, einnig er það á ábyrgð forráðamanna að nemendur noti viðeigandi öryggisbúnað.

Hvað er óásættanleg hegðun?

Til að nemendur átti sig betur á því hvar mörkin milli æskilegrar og óásættanlegrar hegðunar liggja, verða nemendur að gera sér grein fyrir hvað telst óásættanleg hegðun. Með því móti sporum við enn frekar gegn óásættanlegri hegðun þeirra fáu sem getur skaðað hina mörgu.

Dæmi um óásættanlega hegðun nemanda

Við sættum okkur ekki við að nemandi:

- Eyðileggi, hindri eða trufla skólastarf, vinnu nemenda, kennara eða annars starfsfólks
- Láti sér ekki segjast við vinsamlegar ábendingar
- Gangi í eigur annarra, skemmi eða steli
- Valdi öðrum kvíða og öryggisleysi
- Ógni öryggi annarra einstaklinga sem starfa í skólanum, nemenda, kennara eða annarra starfsmanna
- Noti eða hafi undir höndum tóbak eða aðra vímugjafa



Lögbrot

Við líðum ekki lögbrot!

Svo sem skemmdarverk, þjófnað, ofbeldi, vímuefnanotkun, alvarlegar hótanir eða annað ofbeldi.

Að öllu jöfnu er haft samband við foreldra/forráðamenn ef nemandi sýnir óásættanlega hegðun eða brýtur lög. Þá er leitað eftir samvinnu um úrvinnslu mála. Atvik eru alltaf skráð í dagbók nemenda í Mentor. Þar kemur fram lýsing á aðdraganda og atburði og mat á þeirri hættu ef ekkert hefði verið aðhafst.

Þetta er gert samkvæmt 13. og 14. grein reglugerðar um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum.



Við setjum skýr mörk?

Í Grunnskóla Vesturbyggðar setjum við skýr mörk á milli þeirrar hegðunar sem er æskileg og eðlileg og þeirrar hegðunar sem ekki er hægt að sætta sig við. Hegðun sem byggir á stjórnleysi er óásættanleg en hegðun sem byggir á sjálfstjórn er æskileg.




Hvað gerist ef hegðun er óásættanleg?

Nemandi fær val um **tvær leiðir til lausnar** á málum sínum:

Leið 1 → Hann getur valið um að fara milda og árangursríka leið—uppbyggingu

Leið 2 → Hann velur að taka skilgreindum afleiðingum gjörða sinna—viðurlögum



Reglur um skólasókn

Óstundvísi og óheimilar fjarvistir í 7. – 10. bekk.

Of seint

Nemendur skulu mæta á réttum tíma í allar kennslustundir. Komi nemandi eftir að kennari hefur hafið kennslu telst nemandinn hafa komið of seint.

Óheimil fjarvist

Ef nemandi er fjarverandi úr kennslustund án þess að foreldri/ forráðamaður hafi tilkynnt um forföll eða beðið um leyfi fyrir nemandann er litið á að um óheimila fjarvist sé að ræða.

Skólasókn

Nemendur fá sérstaka einkunn á hverri önn fyrir skólasókn. Allir nemendur byrja hverja önn með einkunnina 10.

Ferli mála ef mætingar nemenda eru ekki í lagi

1. stig. - Ef mætingareinkunn nemenda fer niður fyrir 8 skal umsjónarkennari hafa samband heim.
2. stig. - Ef einkunn fer niður fyrir 5 skal umsjónarkennari boða til fundar með nemanda og foreldrum.
3. stig. - Fari einkunn niður fyrir 2 skal umsjónarkennari vísa málinu til nemendaverndarráðs. Reynt skal eftir megni að funda með foreldrum áður. Fari fjarvera (veikindi, leyfi, fjarvist) nemenda yfir 20 daga á önn verður máli þeirra vísað til nemendaverndarráðs



Almennar umgengisglur

Heimanám og gögn

Nemendum ber að koma undirbúnum og með nauðsynleg gögn í skólann.

Á göngum skólans

Nemendum ber að ganga hljóðlega um skólahúsnaðið og sýna tillitsemi.

Skófatnaður, yfirhafnir og höfuðföt

Farið er úr skóm í forstofum og þeim komið fyrir í skóhillum. Undantekningar eru gerðar á jólaskemmtunum og árhátíð. Snagar fyrir yfirhafnir eru á göngum. Nemendur eru hvattir til að skilja ekki eftir verðmæti í yfirhöfnum eða töskum. Mælst er til að fatnaður og áhöld í eigu nemenda séu vel merkt.



Reglur um skólasókn

Fjarvistir nemenda, veikindi og leyfi

Forföll nemenda skal foreldri/forráðamaður tilkynna á kennarastofu skólans að morgni skóladags eða um leið og við verður komið þann sama dag. Tilkynni foreldri/forráðamaður ekki forföll nemanda í síðasta lagi fyrir hádegi næsta kennsludag verður litið svo á að um óheimila fjarvist sé að ræða.

Ef nemandi, sem er veikur í lok skólaviku, er enn veikur í byrjun nýrrar skólaviku, skal aftur tilkynnt til skólans um veikindi hans á mánudagsmorgni.

Stytttri leyfi

Purfi nemandi stutt leyfi vegna læknisferða eða annars ámóta skal foreldri/forráðamaður tilkynna það til kennarastofu skólans fyrirfram og ekki síðar en þann sama dag.

Lengri leyfi

Leyfi fyrir nemanda í einn til tvo daga geta foreldrar/forráðamenn sótt um til umsjónarkennara nemandans. Ef foreldrar/forráðamenn óska eftir lengra leyfi fyrir nemanda en einn dag geta þeir sótt um það til skólastjóra, aðstoðarskólastjóra eða deildarstjóra. Jafnframt skulu þeir fylla út sérstakt umsóknareyðublað sem fæst á kennarastofu og heimasíðu skólans.

Óstundvísi og óheimilar fjarvistir í 1. - 6. bekk.

Fjarvistir

Nemendur skulu mæta á réttum tíma í allar kennslustundir. Mæti nemandi ekki í kennslustund án gilda skýringa skal umsjónarkennari strax hafa samband við foreldra/forráðamenn.

Of seint

Komi nemandi ítrekað of seint í kennslustund skal umsjónarkennari hafa samband við foreldra/forráðamenn eins oft og þurfa þykir en þó ekki síðar en eftir að nemandi hefur mætt fimm sinnum of seint á önn. Komi nemandi tíu sinnum of seint á önn skal honum vísað til aðstoðarskólastjóra/deildarstjóra, sem hefur samband við foreldra/forráðamenn.

Ef ekki verður breyting til batnaðar skal umsjónarkennari vísa málinu til nemendaverndarráðs.

Leið 1→ Árangursrík leið til lausnar—uppbygging

Nemendur geta valið árangursríka leið til lausnar ef hegðun þeirra reynist óásættanleg. Við í Grunnskóla Vesturbyggðar viljum vinna agamál á þann hátt að allir aðilar komi sem sterkastir frá samskiptum, tilbúnir að líta í eigin barm og ná betri stjórn á hegðun sinni.

Allir geta gert mistök

Þeir sem starfa í Grunnskóla Vesturbyggðar eru mannlegir og þeim geta orðið á mistök í hegðun, umgengni og samskiptum. Það gildir um alla: nemendur, kennara, stjórnendur og aðra starfsmenn skólans.

Mistök er hægt að leiðrétta

Besta leiðin til að vinna sig út úr vanda er að viðurkenna þau mistök sem orðið hafa - gera áætlun um að leiðrétta þau - og læra þannig betri leið sem nýtist viðkomandi við svipaðar aðstæður.

Ferli agamála í kennslustund—fyrstu mistök:

- 1) Kennari áminnir nemanda og gefur honum tækifæri til að ná stjórn á eigin hegðun og leiðrétta mistök sín (finna betri leið sem bætir hegðun, sættir sjónarmið og nýtir „stutt inngrip“).
- 2) Ef nemandi heldur uppteknum hætti, ræðir viðkomandi kennari frekar við nemandann um leiðir að lausn við fyrsta tækifæri og gerir með honum áætlun til uppbyggingar.
- 3) Áætlunin er skráð í Mentor ásamt málsatvikum skv. lýsingu á bls. 5 hér í bæklingnum.
- 4) Viðkomandi kennari fylgir uppbyggingaráætluninni eftir með viðtali/ viðtölum eftir atvikum.

Endurtekin óásættanleg hegðun í kennslustundum:

Nemandi er látinn róa sig og viðkomandi kennari gengur frá uppbyggingaráætlun með honum við fyrsta tækifæri.

Inngrip vegna hættuástands:

Ástand metið. Nemendum og starfsfólki forðað frá hættu. Kallað eftir aðstoð.

Leið 2 farin strax—sjá bls. 9

Skráning fari fram skv. 13. og 14. gr. *reglugerðar um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum.*

Dæmi um uppbyggingu

Á göngum skólans, skólasafni, mötuneyti, íþróttamannvirkjum og á skólalóð:

- 1) Starfsmenn skólans gefa nemanda tækifæri til að bæta hegðun sína með „stuttu inngripi“
- 2) Haldi nemandinn uppteknum hætti og sýni neikvæða hegðun áfram vísar starfsmaður honum til umsjónakennara sem gerir uppbyggingaráætlun með nemandanum og viðkomandi starfsmanni við fyrsta tækifæri
- 3) Þeir sem hlut eiga að máli fá upplýsingar um áætlun nemandans sem skráð er í Mentor
- 4) Áætluninni er fylgt eftir með viðtali/viðtölum hjá umsjónarkennara

Ábyrgð, réttindi og skyldur starfsfólks skóla

Starfsfólk skóla skal ávallt bera velferð nemenda fyrir brjósti og leggja sig fram um að tryggja nemendum öryggi, vellíðan og vinnufrið til að þeir geti notið skólagöngu sinnar. Starfsfólk skal sýna nærgætni og gæta virðingar í framkomu sinni gagnvart nemendum, foreldrum og samstarfsfólki og gæta þagmælsku. Skólastjórnendum og kennurum ber að eiga samstarf við foreldra um hegðun, líðan og samskipti barna þeirra.

Úr 3. gr. reglugerðar um ábyrgð, réttindi og skyldur starfsfólks skóla.

Ábyrgð, réttindi og skyldur nemenda

Nemendur bera ábyrgð á framkomu sinni, háttsemi og samskiptum við skólasystkin og starfsfólk skóla, þ.m.t. rafrænum samskiptum og netnotkun með hliðsjón af aldri og þroska. Nemendur eiga rétt á að láta skoðanir sínar í ljós og fá að tjá sig ef fundið er að hegðun þeirra skv. 5. gr. reglugerðar um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum. Þar með talið hegðun barns gagnvart samnemendum og starfsfólki skv. 5. gr. reglugerðar um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum.

Ábyrgð, réttindi og skyldur foreldra

Foreldrar bera ábyrgð á uppeldi barna sinna, þ.m.t. að þau sækji skóla og hegðun barns gagnvart samnemendum og starfsfólki. Foreldrar gæta hagsmuna barna sinna og upplýsa starfsmenn skóla um þætti sem kunna að hafa áhrif á ástundun og hegðun. Foreldrum ber ásamt nemanda að taka þátt í meðferð mála sem upp kunna að koma. Þessi atriði byggjast á 5. gr. reglugerðar um ábyrgð og skyldur aðila í skólasamfélagsins í grunnskólum.

Leið 2 → Nemandi þiggur ekki tilboð um að gera uppbyggingaráætlun

Ef nemandi þiggur ekki tilboð um að gera uppbyggingaráætlun er málum vísað til umsjónarkennara sem ákvarðar framhaldið. Í flestum tilvikum er boðið sem fyrst til fundar með foreldrum viðkomandi nemanda. Þá taka oftast við aðgerðir sem byggja ekki á sjálfstjórn nemanda heldur skilyrðum og eftirliti.

Dæmi um úrræði þegar nemendur geta ekki eða vilja ekki leiðrétta hegðun sína og snúa sterkari til starfa á ný:

- Gerður samningur með skilyrðum
- Nemanda er boðin aðstoð námsráðgjafa
- Tilvísun í sérúrræði
- Tilvísun til skólasálfræðings (með samþykki foreldra/forráðamanna)
- Fundur með öllum kennurum viðkomandi nemanda
- Stundaskrá nemanda skert (tímabundið)
- Reglulegir stöðufundir með umsjónarkennara/foreldrum
- Vísad til Nemendaverndarráðs
- Foreldrar fylgja nemanda í kennslustundum
- Sérstakt eftirlit í frímínútum
- Brottvísun úr tíma og foreldri sækir nemanda. Nemandi mætir ekki aftur hjá viðkomandi kennara fyrr en að afloknum fundi þar sem leitað er eftir samstarfi við foreldra og nemanda um leiðrétta hegðun í skólastarfinu
- Brottvísun um stundarsakir. Þegar um brottvísun um stundarsakir er að ræða vegna ítrekaðra brota á skólareglum er unnið skv. 12. gr. reglugerðar um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum.

→ Það er ávallt brugðist með skýrum hætti við alvarlegum brotum.

Lögbrot/alvarleg agabrot → Viðurlög

Þegar nemendur brjóta alvarlega af sér eru foreldrar kallaðir til. Nemanda er vísað frá skóla á meðan afgreiðsla máls er undirbúin. Samkvæmt lögum má málsmeðferð taka allt að 5 virkum dögum án þess að nemanda sé útvegað annað skólaúrræði. Skólinn vinnur samkvæmt verklagsreglum um málsmeðferð vegna lögbrota og alvarlegra agabrota. Þegar um lögbrot er að ræða er unnið skv. 13. og 14. gr. reglugerðar um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum. Nemendur eru ekki sakhæfir fyrr en þeir hafa náð 15 ára aldri samkvæmt fæðingarvottorði. Mál sem berast lögreglu berast sjálfkrafa til barnaverndaryfirvalda.